

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð.

## 1. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar innheimtir gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

*Sorphreinsunargjald* greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2008 er gjaldið kr. 9.354 á hverja sorptunnu.

*Sorpeyðingargjald* greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2008 er gjaldið kr. 8.052 á hverja sorptunnu.

## 3. gr.

Gjöld vegna móttöku og/eða meðhöndlunar úrgangs á móttökustöð og frá fyrirtækjum eru sem hér segir:

	<i>Kr. á kg án vsk</i>	<i>Kr. á kg með vsk</i>
<b>Óflokkað</b>		
<i>Blandaður úrgangur</i>		
Úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil eða til sérstakrar meðhöndlunar	12,40	15,44
<i>Grófur úrgangur</i>		
Úrgangur sem sem þarf að flokka og vinna sérstaklega Dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, veiðarfæri, húsgögn, jarðvegur, steinefni og gler	13,44	16,73
<b>Flokkað</b>		
Til endurvinnslu eða frekari meðhöndlunar		
<i>Timbur</i>	11,00	13,70
<i>Málmar og raftækjaúrgangur</i>	8,14	10,13
<i>Dagblöð/tímarit</i>		0
<b>Úrgangur sem ber úvinnslugjald</b>		
<i>Umbúðir úr sléttum pappa</i>		0
<i>Filmuplast</i> litað og/eða áprentað, án aðskotahluta		0
<i>Plastumbúðir</i> tunnur, fötur, brúsar tóm og án aðskotaefna		0
<i>Heyrúlluplast</i> flokkað, án aðskotahluta		0
<i>Hjólbarðar</i>		0
<i>Filmuplast</i> , glært, óáprentað án aðskotahluta		0
<i>Bylgjupappi</i> án aðskotahluta		0
<i>Spilliefni</i> heimilt er að innheimta fyrir útlögðum kostnaði v/spilliefna sem ekki bera úrvinnslugjald		Skv. gjaldskrá þjónustuaðila spilliefna

## 4. gr.

Gjöld vegna móttöku og/eða meðhöndlunar úrgangs á söfnunarstöðvum eru innheimt af eftirfarandi flokkum:

- A. Fyrir allan úrgang frá fyrirtækjum, sem ekki ber úrvinnslugjald eða skilagjald.
- B. Almennigur greiðir fyrir úrgang sem ekki getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur, s.s. úrgangur vegna byggingar eða breytinga húsnæðis, úrgangur frá bifreiða-viðgerðum, lagervörum og vegna húsdýrahalds.

Upphæðir móttökugjalda fara eftir flokkum úrgangs og eru sem hér segir:

Óflokkaður og óendurvinnanlegur úrgangur

Móttökugjald skv. mælingu 2.000 kr./m<sup>3</sup>, lágmarksgjald er 1.000 kr.

Endurvinnanlegur úrgangur svo sem timbur og járn

Móttökugjald skv. mælingu 1.000 kr./m<sup>3</sup>, lágmarksgjald er 500 kr.

## 5. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. fylgir reglum um gjalddaga fasteignagjalda og er skipt jafnt niður á þá. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjalddagi gjalda skv. 3. og 4. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 27. mars 2008, með stoð í 7. gr. samþykktar nr. 153/2000 um sorphreinsun í Fjarðabyggð og sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá fyrir hirðu og eyðingu sorps í Fjarðabyggð nr. 56/2002 með áorðnum breytingum.

*Fjarðabyggð, 10. apríl 2008.*

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

**Helga Jónsdóttir** bæjarstýra.